

BETRA EN GULL OG GIMSTEINAR

Brot

I

Ég minnist þess, að Hannes Hafstein sagði við mig oftar en einu sinni á ráðherraárum sínum, hvort ég gæti ekki fundið hér gull. Þótti honum, sem von var, lítið til jarðfræðirannsókna minna koma, en fannst hinsvegar hin mesta nauðsyn á því, sem orðið gæti til að auka auð landsins og gera kleift að koma fram þeim miklu umbótum, sem honum voru í hug. En ég hygg, að það hefði ekki orðið íslensku þjóðinni til neinnar gæfu, þó að hér hefði fundist gull. Og jafnvel meir en vafasamt, hvort nú mundi vera um nokkurt íslenskt sjálfstæði að ræða, ef hér hefði fundist gull að nokkru ráði, fyrir 40—50 árum. Og vitanlega er sama að segja, ef gimsteinanámur hefðu hér fundist. Svo að það má í rauninni teljast happ, að hvorki hefir hér fundist gull né gimsteinar. En ég hefi fundið það sem betra er. Hinn ágæti rómverski sagnaritari Tacitus segir frá því, að á bökkum einhvers fljóts í Pýskalandi hafi verið auðveldara til sambands við guðina en í öðrum stöðum. En það er nú einmitt sá kostur Íslands, sem ég hefi fundið, að hér gæti verið auðveldara til sambands við guðina — lengra komna íbúa annarra jarðstjarna í alheimi — en í nokkru landi öðru á þessari jörð. Og gæti það að vísu orðið íslensku þjóðinni — og ekki einungis henni — til ómetanlega miklu meira gagns, en þó að hér væru í jörðu gull og gimsteinar. Ísland gæti af þessum sökum orðið ljómandi land, þar sem flestir vildu einhverntíma á ævi sinni komið hafa. Mundi þá reyna á íslenska gestrisni meir en nokkru sinni áður, og þó ekki þannig, að ofraun væri.

II

Hér á jörðu er framvindunni þannig háttáð, að ef ekki yrði breyting á, væru framundan, með ekki löngum hvíldum, sífellt meir eyðileggjandi styrjaldir, uns ekki yrði risið úr rústum framar, og ekki væri um annað en afturför að ræða, og loks, að mannkyn yrði hér aldauða. Mundu niðurlagskaflar mannkynssögunnar verða ennþá ömurlegrí og hryllilegri en hinar löngu frumlífsaldir, þegar leiðin uppávið sóttist ótrúlega seint, og jafnvel þeir lengst komnu voru á mjög lágu stigi menningar.

Á þessu verður gjörbreyting þegar menn læra að átta sig vísingdalega á sambandinu við fullkomnari mannkyn á öðrum jarðstjörnum alheimsins. Slíkt samband hefir að vísu frá upphafi alltaf verið nokkuð, en alltaf mjög ófullkomið, af því að menn áttuðu sig ekki á því, og í stað hinnar nauðsynlegu þekkingar risu svo af þessu sambandi ýmiskonar trúarbrögð, sem ekki dugðu til að koma mannkyninu á framfaraleið. En þær framfarir í þekkingu, sem orðið hafa, er þó að mestu leysi einnig til slíks sambands að rekja. Og þegar þess er gætt, hvað gott þó hefir getað hlotist af þessu ófullkomna sambandi við góðar verur, þá verður ekki erfitt að skilja, að gersamleg umskipti munu verða, þegar því sambandi verður með tilstyrk nýrrar þekkingar komið í rétt horf. Þá munu verða meiri breytingar til bóta á nokkrum áratugum en á þúsundum og þó réttara sagt, tugþúsundum ára áður. Og fyrst um sinn munu menn víða um jörð þykjast þurfa að sækja nokkuð til Íslands í þessum efnum. En að vísu er ekki vandalaust að fá Íslendinga sjálfa til að vakna við þessu máli. Er þó augljóst, að þrátt fyrir alla þá hreysti, sem sýnd er hér bæði á sjó og landi, við að afla fæðunnar, og þrátt fyrir öll þau hyggindi með harðfylgi, sem koma fram í þjóðarbúskapnum, í víðustu merkingu, þá mun enn annars við þurfa, ef vér eigm að geta komið því til leiðar, að hætt sé að líta á Íslendinga sem smáþjóð, er engin þörf sé á að meta mikils. Og svo væru, þar að auki, fyrirsjáanleg innan skamms, gersamleg endalok hins íslenska þjóðernis, ef landið yrði talið þjóðum, sem í styrjöld ættu, nauðsynlegt

til afnota. Ef íslenska þjóðin á að eiga góða og merkilega framtíð fyrir höndum, þá verður hún að geta lagt eitthvað til heimsmenningarinnar, eitthvað sem þýðingu hefir fyrir allt mannkyn. Og það getur hún. Upphof þeirrar stefnu-breytingar, sem leitt geti til sigursællar framtíðar fyrir allt mannkyn, getur orðið hér á landi. Og að vísu er ýmislegt í sögu þjóðarinnar allt frá fornöld, sem bendir í þessa átt. Ég læt nægja að nefna það eitt, að það var maður af íslenskum ættum, sem kennt hefir mannkyninu að meta ljós sólarinnar umfram það sem áður var, og færa sér í nyt til heilsubótar og lífseflingar. Einnig ljós þekkingarinnar mun fyrir íslensk áhrif verða í meiri metum, og að óviðjafnanlega miklu meiri notum en áður hefir verið.